

Föstudaginn 16. ágúst 1968.

Nr. 2/1968. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Jón Þorsteinsson hdl.)
gegn
Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Einar Arnalds, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Bjarni Sigurðsson.

Skýrð ákvæði dóms Kjaradóms um yfirvinnu kennara.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi samkvæmt 25. gr. laga nr. 55/1962 af fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, dags. 12. júní þ. á., gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að kennarar, sem inna af höndum hluta af vikulegri kennsluskyldu sinni á tímabilinu frá kl. 1600 til 1700 á virkum dögum öðrum en laugardögum og kl. 1130 til 1200 á laugardögum, eigi ekki rétt til yfirvinnuálags eða annarrar aukagreiðslu fyrir þessar kennslustundir á kjaratímabilinu frá 1. janúar 1968 til 31. desember 1969. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. júní 1962 gaf menntamálaráðuneytið út „Erindisbréf fyrir kennara í barna- og gagnfræðastigsskólum“, nr. 120/1962.

1 8. gr. bréfs þessa segir svo:

„Daglegur starfstími kennara í skólum skal vera samfelldur, nema skólastjóri, kennarar eða kennarafundur verði ásaðttir um annað. Starfstími skóla er á tímabilinu kl. 9—17 með matarhléi á venjulegum matmálstíma.

Hefji skóli starf fyrir kl. 9.00, skal ljúka störfum þeim

mun fyrr. Á laugardögum skal kennslu lokið kl. 12.30, nema sérstaklega sé um annað samið“.

Hinn 30. apríl 1963 ritaði menntamálaráðuneytið bréf til fjármálaráðuneytisins um framkvæmd áðurnefnds erindisbréfs veturinn 1962—1963, og leggur þar til, að föstum kennurum séu greidd sem yfirvinna allar þær kennslustundir, sem þeir kenna umfram lögákveðnar skyldustundir, þótt þær séu unnar, áður en starfstíma skóla lýkur samkvæmt 8. gr. erindisbréfsins, þ. e. kl. 1700 í skóla, sem hefst kl. 0900 og kl. 1600 í skóla, sem hefst kl. 0800, á laugardögum kl. 1230 í skóla, sem hefst kl. 0900, og kl. 1130 í skóla, sem hefst kl. 0800. Þá er einnig lagt til í bréfi þessu, að hefji kennari kennslu kl. 0900 í skóla, sem byrjar kl. 0800, skuli greiða honum fyrir kennslu eftir kl. 16 sem yfirvinnu. Þessar tilögur menntamálaráðuneytisins samþykkti fjármálaráðuneytið með bréfi, dags. 8. maí s. á. Í framkvæmd varð þetta svo, að kennarar í barna- og gagnfræðastigsskólum, sem inntu af höndum hluta af vikulegri kennsluskyldu sinni á tímabilinu frá kl. 1600 til 1700 á virkum dögum öðrum en laugardögum og kl. 1130 til 1200 á laugardögum, fengu greitt sérstakt álag fyrir þessa tíma, ef skóli hóf störf fyrir kl. 0900 að morgni.

Eftir gildistöku laga nr. 55/1962 fékk Kjaradómur til úrskurðar frá 1. júlí 1963 laun kennara, svo sem annarra starfsmanna ríkisins.

Í 1. gr. II dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963, en ákvæði hans giltu frá 1. júlí 1963 til 31. desember 1965, eru settar reglur um vikulegan vinnutíma starfsmanna ríkisins og í 2. gr. sama dóms eru ákvæði um daglegan vinnutíma. Í 4. tölulið síðast nefndrar greinar er svo mælt, að 36 stunda vinnuvika og skemmri — en undir það ákvæði falla barna- og gagnfræðastigskennarar — skuli unnin á tímanum frá kl. 0800 til kl. 1200 og kl. 1300 til kl. 1700 alla virka daga nema laugardaga, þá kl. 0800 til 1200.

Þá segir enn fremur svo í nefndri 2. gr. dóms Kjaradóms: „Um það, hvenær starfstími hefjist, skal ákveða í samráði við starfsmennina með samþykki viðkomandi starfsmannafélags.

Heimilt er að haga vinnudegi með öðrum hætti en að framan greinir, ef aðiljar eru um það sammála“.

Í 3. gr. kjaradóms þessa er svo mælt:

„Eigi skulu ákvæði þau, er að framan getur (þ. e. ákvæði 1. og 2. gr.) valda því, að daglegur vinnutími nokkurs starfsmanns lengist frá því, sem nú er.

Þær starfsstéttir og starfsmenn, sem ákvæði 1. og 2. gr. taka ekki til, skulu halda þeim vinnutíma, sem verið hefur hingað til“.

Þessu orðalagi er svo haldið óbreyttu í dómi Kjaradóms uppkveðnum 30. nóvember 1965, en ákvæði hans giltu frá 1. janúar 1966 til 31. desember 1967.

Stefnandi hefur skýrt frá því, að af hans hálfu hafi verið litið svo á, að sér hefði ekki verið skylt samkvæmt ákvæðum dóms Kjaradóms frá 3. júlí 1963, að inna af hendi til kennara þá yfirvinnugreiðslu, sem komið hafði á vorið 1963 á grundvelli áðurnefnds erindisbréfs frá 1962. Hins vegar hafi þó framkvæmdin orðið sú, að kennarar þeir, sem hlut áttu að máli, hafi eftir 1. júlí 1963 haldið nefndri yfirvinnugreiðslu á sama hátt og áður, og við það staðið til ársloka 1967, enda hafi dómur Kjaradóms frá 30. nóvember 1965 haldið nákvæmlega sama orðalagi og kjaradómurinn frá 1963.

Þegar Kjaradómur á s.l. ári fékk til úrskurðar launakjör starfsmanna ríkisins, komu skyldukennslustundir kennara enn til álita. Gerði Kjararáð, sem fór með fyrirsva ríkisstarfsmanna við meðferð kjaramálsins þar fyrir dómi, þá kröfu um starfstíma kennara, að vikulegan starfstíma þeirra skyldi „inna af höndum á tímabilinu kl. 9—17 með matartíma“. Enn fremur gerði Kjararáð svofellda kröfu:

„Hefji skóli starf fyrir kl. 9, skal dagvinnutíma ljúka þeim mun fyrr. Á laugardögum skal dagvinnu lokið 3 klst. eftir að hún hófst, þó eigi síðar en kl. 1200“.

Af hálfu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs voru fyrir Kjaradómi gerðar þessar kröfur um þetta atriði:

„Vikulega kennsluskyldu kennara skal inna af höndum á tímabilinu kl. 8.00 til 17.00 með matartíma alla virka daga, nema laugardaga, þá kl. 8.00 til kl. 12.00“.

Þessa kröfu ríkissjóðs tók Kjaradómur til greina, sbr.

4. tl. 2. gr. dóms hans frá 30. nóvember 1967, sem er samhljóða nefndri kröfugerð rikissjóðs.

Eftir að dómur Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 tók gildi, taldi stefnandi máls þessa tvímælalaust, að honum bæri ekki skylda til þess að greiða kennurum sérstakt álag fyrir kennslu kl. 1600 til 1700 á virkum dögum öðrum en laugardögum og á laugardögum kl. 1130 til kl. 1200, þótt skóli hæfist fyrr en kl. 0900, þar sem 4. töluliður 2. gr. dómsins geymdi nú skýr fyrirmæli um það, á hvaða tíma dags kennsluskyldan skyldi af hendi leyst. Samkvæmt því gaf fjármálaráðuneytið hinn 27. desember f. á. út fyrirmæli um það, að nefnd álagsgreiðsla skyldi falla niður frá og með ársbyrjun 1968.

Þessari ákvörðun mótmælti stefndi með bréfi, dags. 16. janúar þ. á., svohljóðandi:

„Daglegum vinnutíma kennara hefur verið hagað skv. 8. gr. erindisbréfs nr. 120/1962. Í samræmi við það hefur t. d. daglegur starfstími kennara í Reykjavík verið talinn kl. 8—12 og 13—16 virka daga nema laugardaga kl. 8—11.30. Hafi hluti af kennsluskyldu verið unninn utan þess tíma, hefur verið greitt 50% álag kl. 16—18 og í matartímum, en 90% álag eftir kl. 18 og eftir hádegi á laugardögum.

Ekki hefur verið leitað formlega samþykkis á tilhögun þessari skv. 2. mgr. 4. gr. dóms Kjaradóms, en henni hefur ekki verið mótmælt til þessa.

B.S.R.B. telur, að ekki fái staðizt þau áform að fella niður greiðslur álags þessa frá ársbyrjun 1968 á tímanum kl. 16—17 virka daga, nema laugardaga kl. 11.30—12.

Kjaradómur hefur nú tekið upp sem 4. tl. 2. gr. ákvæði um vinnutíma kennara, en ekki er þar með sagt, að ákvæði 8. gr. erindisbréfsins séu numin úr gildi, þar sem daglegur starfstími skóla, sem þar er tilgreindur, rúmast innan tíma þess, sem Kjaradómur tilgreinir.

Kjaradómur hefur ekki breytt fyrri mgr. 3. gr. dóms síns, en þar segir:

„Eigi skulu ákvæði þau, er að framan greinir, valda því, að daglegur vinnutími nokkurs starfsmanns lengist frá því sem nú er“.

Með því að greiða álag frá kl. 16 í skólum, sem byrja kl. 8, þá er viðurkennt, að daglegum vinnutíma telst þá lokið. Niðurfelling álags til starfandi fastra kennara væri lenging daglegs vinnutíma og því brot á 3. gr. dóms Kjaradóms“.

Viðræður milli málsaðilja um þetta deiluatíði leiddu ekki til samkomulags. Höfðaði stefnandi þá mál þetta, svo sem að framan greinir, og gerði þær dómkröfur, sem áður getur.

Rök stefnanda fyrir dómkröfum sínum og andmæli hans gegn framangreindum viðhorfum stefnda eru í höfuðatriðum þau: Að vinnutíma kennara og föst laun þeirra fyrir yfirvinnu skuli samkvæmt 5. gr. laga nr. 55/1962 ákveðna með kjarasamningi eða kjaradómi, en ekki með erindisbréfum ráðherra. Að í kjaradómi 30. nóvember 1967 séu settar skýrar reglur um vinnutíma kennara, og sé því ekki þörf á því nú sökum réttaróvissu, að hafa hliðsjón af eldri reglum, sem upp hafi verið teknar fyrir daga nýja launakerfisins. Að stefnumark 8. gr. oftnefnds erindisbréfs geti eigi að siður haldið gildi sínu sökum þess, hve rammi dagvinnutímans hjá kennurum, samkvæmt ákvæðum dóms Kjaradóms, sé rúmur miðað við vikulega kennsluskyldu, sem sé 20—36 stundir, en í 8. gr. erindisbréfsins felist ekki lengur nein lögmæt ákvörðun um dagtíma kennsluskyldu kennara. Þá telur stefnandi og, að hafa megi í huga, að samkvæmt bráðabirgðaákvæði erindisbréfsins sé heimilt að láta kennara vinna á lengra tímabili dag hvern en 8. gr. þess segi til um. Enn mótmælir stefnandi því, að af niðurfellingu umdeilds álags leiði, að kennari vinni fleiri klukkustundir á dag en áður. Bendir hann og í því sambandi á ákvæði 4. gr. kjaradómsins, sem mæli svo fyrir, að kennari skuli fá sérstaka greiðslu fyrir eyðu, er verða kunni í daglegum samfelldum starfstíma hans. Þá leggur stefnandi sérstaka áherzlu á það, að í kjaradómsmáli því, sem lyktaði með dómi Kjaradóms 30. nóvember 1967, hafi af hálfu ríkissjóðs verið gerð bein krafa um það, að tekið væri upp í dóminn sérstakt ákvæði um það, á hvaða tímabili dagsins kennarar skyldu skila vikulegri kennsluskyldu sinni. Þessa kröfu ríkissjóðs hafi Kjaradómur tekið til greina þrátt fyrir mótmæli Kjararáðs, en af

hálfu þess hafi því verið haldið fram í flutningi málsins, að í þessari kröfu ríkissjóðs fælist mikil skerðing á rétti barna- og gagnfræðastígs kennara miðað við ákvæði 8. gr. erindisbréfsins frá 1962.

Stefndi hefur ekki út af fyrir sig mótmælt því, að Kjaradómur hafi vald til þess að ákveða vinnutíma opinberra starfsmanna innan marka krafna samningsaðilja samkvæmt lögum nr. 55/1962 og ákveða lengd hans og hvenær dags hann skuli unninn. Hins vegar sé það ágreiningslaust, að fyrir gildistöku dóms Kjaradóms 30. nóvember 1967 hafi daglegur vinnutími kennara farið eftir ákvæðum 8. gr. erindisbréfsins frá 1962 og framkvæmd þess skorið úr um það, að rikið viðurkendi, að daglegum vinnutíma kennara væri lokið kl. 1600, á laugardögum kl. 1130, í skólum, sem byrjuðu kl. 0800, en svo væri því háttað um flesta skóla í þéttbýlinu. Það ákvæði núgildandi dóms Kjaradóms, að vinnuskylda kennara skyldi að hendi leyst á tímabilinu kl. 0800 til 1700, á laugardögum kl. 0800—1200 jafngilti þess vegna því, að vinnutími þeirra kennara, sem verið hefðu að störfum við gildistöku hans, hefði lengzt. Nú hafi það verið megintilgangur laga nr. 55/1962 að gefa opinberum starfsmönnum kost á að bæta kjör sín með samningum, og þau viðhorf þegar fengið staðfestingu Kjaradóms í því ákvæði 1. mgr. 3. gr. kjaradómsins frá 1963, er láti svo mælt, að hin nýju ákvæði um vinnutíma skyldu eigi valda því, að daglegur vinnutími nokkurs manns lengdist frá því, sem þá gildi. Væru þessi ákvæði enn í dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1967. Girði þetta ákvæði einmitt fyrir það, að álag það, er kennarar hafi notið fyrir kennslu eftir kl. 1600, á laugardögum eftir kl. 1130, verði nú fellt niður að því er varðar þá kennara, sem voru í starfi, er síðast nefndur dómur tók gildi, en það sé vissulega kjaraskerðing, ef heimilt yrði talið að dreifa kennslunni á lengri tíma dag hvern en áður tíðkaðist.

Samkvæmt 4. gr. 1. mgr. laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna skulu launakjör starfsmanna ríkisins ákveðin með kjarasamningum og samkvæmt 5. gr. sömu laga skal í kjarasamningi kveðið á um föst laun, vinnu-

tíma og laun fyrir yfirvinnu. Í 3. gr. laganna er svo mælt, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fari með fyrirsva- r ríkisstarfsmanna eftir nánari reglum, er í nefndri grein getur, en af hálfu ríkisins er fjármálaráðherra í fyrirsva- ri sam- kvæmt 2. gr. sömu laga. Náist eigi samkomulag um kjara- samning milli nefndra aðilja, fær Kjaradómur kjaradeiluna til meðferðar og er dómur hans fullnaðarúrlausn. Bindur hann aðilja samkvæmt 21. gr. laganna á sama hátt og samn- ingur þeirra í milli.

Með lögum þessum er tekin upp ný regla, þar sem kjara- samningur eða dómur Kjaradóms, sem er ígildi kjarasamn- ings, kemur í stað einhliða ákvörðunar löggjafans um kjara- mál starfsmanna ríkisins, svo sem áður tíðkaðist. Geyma lög nr. 55/1962 eigi nein ákvæði, er bindi samningsaðilja um efniskröfur við samningsgerð, en Kjaradómi er samkvæmt 20. gr. laganna settar þær skorður einar við efnisúrlausn, að hann skuli við úrlausn sína hafa hliðsjón af 1) kjörum laun- þega, er vinna við sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu 2) kröfum, sem gerðar eru til menntunar, ábyrgðar og sér- hæfni starfsmanna og 3) afkomuhorfum þjóðarbúsins. Þá er ekki í lögum nr. 55/1962 að finna ákvæði, er hamli því, að starfsmenn ríkisins verði almennt að hlíta þeim breytingum á launakjörum sínum sem kjarasamningur eða dómur Kjara- dóms felur í sér.

Svo sem áður er rakið, voru ákvæði 4. töluliðar 2. gr. II í dómum Kjaradóms frá 3. júlí 1963 og 20. nóvember 1965 um daglegan vinnutíma kennara framkvæmd á þá lund, að þeir flokkar kennara, er mál þetta varðar, héldu þeirri yfir- vinnugreiðslu, sem þeir fengu skólaárið 1962—1963 á grund- velli erindisbréfsins frá 1. júní 1962. Liggur það eigi fyrir til úrlausnar í þessu máli, hvort stefnanda var skylt sam- kvæmt ákvæðum nefndra kjaradóma, að inna af hendi þær yfirvinnugreiðslur, er þá áttu sér stað. Þarf því eigi hér að rekja kröfur aðilja eða málflutningsyfirlýsingar þeirra fyrir Kjaradómi árin 1963 og 1965. Hins vegar er það ljóst sam- kvæmt gögnum máls þessa og málflutningi aðilja, að í kjara- deilu þeirri, er lauk með dómi Kjaradóms 30. nóvember 1967, lá það ljóst fyrir Kjaradómi, að ágreiningur var milli aðilja

nefnds kjaramáls um það, hvernig fara skyldi um rétt kennara til yfirvinnugreiðslu þá tíma dags, er í dómkröfum stefnanda greinir. Tók Kjaradómur í dómi sínum 30. nóvember s.l. að öllu leyti til greina það orðalag, sem stefnandi máls þessa gerði kröfu til í nefndri kjaradeilu og verður eigi talið, eins og atvikum var háttað, að aðiljar eða Kjaradómur hafi verið í nokkurri óvissu um það, að í beinum og skýlausum ákvæðum 4. tl. 2. gr. II. kafla kjaradómsins frá 30. nóvember 1967 um að vikulega kennsluskyldu kennara skyldi inna af höndum á tímabilinu frá kl. 0800—1700 alla virka daga, nema laugardaga kl. 0800—1200, fólst það, að kennarar þeir, er hlut áttu að máli, ættu ekki rétt til sérstakrar greiðslu fyrir kennslustundir á því tímabili, nema samkvæmt ákvæði 4. gr. II. kafla sama dóms, ef eyða varð í daglegum samfelldum starfstíma kennara. Setur Kjaradómur samkvæmt lögum nr. 55/1962 reglur um þau atriði, og skýra verður ákvæði 1. mgr. 5. gr. nefndra laga svo, að stjórnvöld verði almennt að hlíta ákvæðum kjarasamninga eða dóms Kjaradóms, samkvæmt nefndum lögum, um daglegan vinnutíma, er þau gefa út erindisbréf samkvæmt 18. gr. laga nr. 34/1946 og 32. gr. laga nr. 48/1946, sbr. og 27. gr. laga nr. 38/1954.

Þegar virt eru þannig þau atriði, er nú hafa verið rakin, verður að telja, að fyrirmæli 4. töluliðar 2. gr. II. kafla Kjaradóms frá 30. nóvember 1967, geymi sjálfstæð og skýlaus ákvæði um það, á hvaða tíma dags vikuleg vinnuskylda kennara skuli af hendi leyst, og getur stefndi hér fyrir dómi eigi byggt rétt til sérstakrar yfirvinnugreiðslu, á þar greindum tíma, á ákvæðum og framkvæmd oftnefnds erindisbréfs nr. 120/1962 eða þeim yfirvinnugreiðslum, er stefnandi innti af hendi á gildistíma dóma Kjaradóms frá 3. júlí 1963 og 30. nóvember 1965. Þá verður eigi heldur litið svo á, að hið almenna ákvæði 1. mgr. 3. gr. II. kafla dóma Kjaradóms haggi beinum og skýlausum ákvæðum 4. töluliðar 2. gr. um þetta afmarkaða efni í núgildandi dómi Kjaradóms, er sett var með þeim atvikum, sem að framan er lýst.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að taka ber dómkröfur stefnanda til greina, en rétt þykir eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Ákvæði dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1967 veita eigi kennurum í barna- og gagnfræðastigsskólum, sem inna af höndum hluta af vikulegri kennsluskyldu sinni á tímabilinu frá kl. 1600 til kl. 1700 á virkum dögum öðrum en laugardögum og kl. 1130—1200 á laugardögum, rétt til yfirvinnuálags eða aukagreiðslu fyrir þessar kennslustundir, á kjaratímabilinu frá 1. janúar 1968 til 31. desember 1969.

Málkostnaður fellur niður.
